



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu sýningarinnar
„Hin nýja sýn“ – Rússnesk list
Listasafn Íslands
27. apríl 2002**

Ágætu sýningargestir

Það er sérstakt ánægjuefni að koma heim úr árangursríkri Rússlandsför og fá að njóta hins einstæða úrvals rússneskrar listar sem hér er saman komið.

Í viðræðum við Vladimir Pútín forseta Rússlands kom fram ríkur áhugi hans á að styrkja á ný menningarsamskipti landa okkar og stuðla að því að þjóðirnar hefðu tækifæri til að njóta hins besta í bókmenntum og listum, bæði frá fyrri tímum og úr verkstöðvum þeirra sem nú sinna sköpunarstarfi.

Fjölmargir aðrir forystumenn, bæði í Moskvu og Pétursborg, leiðtogar héraðsstjórna og stjórnendur listasafna og menningarstofnana lýstu eindregnum vilja sínum til að koma á listviðburðum og sýningum, stuðla að bókaútgáfu og tónleikum og má í því sambandi nefna sérstaklega hugmyndir um að flytja til Íslands innan tíðar umfangsmikla sýningu á listaverkum og listmunum frá valdatíma keisaranna en slíkir munir eru meðal helstu dýrgripa sem varðveittir eru í Pétursborg.

Það var gaman að geta sagt frá því í þessum viðræðum að innan fárra daga yrði opnuð í Listasafni Íslands sýning á rússneskri list frá raunsæi til framúrstefnu úr Tretjakov-safninu í Moskvu. Þessi sýning bæri nafn við hæfi því hún mundi einmitt veita okkur Íslendingum nýja sýn á hina frjóu og öfluggu listsköpun í Rússlandi á síðustu áratugum nítjándu aldar og fyrstu áratugum hinnar tuttugustu.

Það er mikill heiður og vinsemd sem Tretjakov-safnið sýnir okkur Íslendingum með því að færa okkur þessa glæsilegu sýningu og gefa okkur kost á því að njóta hér í Reykjavík í fyrsta sinn úrvals af verkum

mikilhæfustu málara Rússlands á því fimmtíu ára tímabili sem sýningin tekur til.

Ég flyt stjórnendum Tretjakov-safnsins, forstöðumanni Listasafns Íslands og stuðningsaðila safnsins sérstakar þakkir fyrir þetta merka frumkvæði, að efna hér til sýningar sem svo sannarlega er stórviðburður í safnasögu okkar Íslendinga, vitnisburður um öflugan alþjóðlega samvinnu sem Listasafnið hefur kappkostað að festa í sessi.

Sérhver gestur sem sækir Rússland heim og gengur um sali safnana í Moskvu og Pétursborg fyllist einlægri lotningu og aðdáun gagnvart þeim gríðarlega fjársjóði listaverka sem þar er varðveittur. Húsakynninn sjálf eru hrífandi og nánast ólýsanleg umgjörð um list sem er í senn rússnesk og evrópsk, samnefnari þeirra umbrota sem einkennt hafa listsköpun heimsins á undanförunum öldum.

Í rauninni var framrás sögunnar slík í kjölfar byltingarinnar að athygli Vesturlanda beindist hvað listina snerti í aðrar áttir, en nú hafa hins vegar blessunarlega skipast svo veður í lofti að á ný eru að opnast augu okkar fyrir því hvílíkar gullnámur eru varðveittar í rússneskum söfnum.

„Hin nýja sýn“ er því sannarlega réttnefni á þessari sýningu, bæði sem lýsing á þeim heimi sem listmálararnir opnuðu með verkum sínum og sem vísbending um þá veislu sem bíður okkar Íslendinga og annarra Vesturlandabúa við að fá nú að kynnst af eigin raun fjársjóðunum sem Rússar hafa varðveitt.

Þegar heimsmálin beinast í þann farveg að með sérstökum sáttmála verður innan tíðar innsiglið samvinna Rússa og Vesturlanda á sviði friðar og öryggis þá er mikið ánægjuefni að þessi nýju vináttubönd verði styrkt með víðtækri samvinnu helgaðri menningu og listsköpun. Á þann hátt getum við betur kynnst hvorir öðrum og um leið auðgað þekkingu okkar og sálarheill, lært að meta á ný sköpunarverk sem skipa öndvegi í listasögu heimsins.

Það er mikil gæfa fyrir okkur Íslendinga að Rússar skuli á þessum nýju tímum hafa kosið að styrkja sérstaklega vináttuböndin við eyjuna í norðri og heimsókn mín til Rússlands sannfærði mig um að þeir munu svo sannarlega láta verkin tala í þeim efnum á næstu árum.

Sýningin sem við njótum hér í dag er einnig vitnisburður um þennan vilja og ég færi á ný stjórnendum Tretjakov-safnsins og öllum þeim sem að sýningunni hafa komið einlægir þakkir fyrir örlátan vináttuvott í garð okkar Íslendinga.